



SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1552
komudagur 7.4.2010

Fullnustudeild
Fax nr. 562-8415

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dagsetning

Tilvisun

31. mars 2010

Varðar: Umsögn um 447. mál - frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989 o.fl.

Sýslumaðurinn í Reykjavík fagnar þeim tillögum sem fram koma í 1. og 2. gr. ofangreinds frumvarps þar sem lagðar eru til breytingar á 62. og 67. gr. aðfararlaga nr. 90/1989.

Embættið hefur allt frá árinu 2001 vakið athygli dómsmálaráðuneytisins á þeim vandkvæðum sem fylgja því hversu oft reynist erfitt að ljúka gerð með árangurslausu fjárnámi þegar gerðarþoli mætir ekki, eins og algengt er og engar upplýsingar liggja fyrir um eignir hans. Þetta hefur orðið til þess að óafgreiddar fjárnámsbeiðnir hafa safnast upp hjá embættinu í gegnum árin svo þúsundum skiptir. Hefur embættið ítrekað farið þess á leit við dómsmálaráðuneytið að það beiti sér fyrir lagabreytingu í þá veru sem nú hefur verið lögð til.

Áskilnaður núgildandi 62. gr. aðfararlaga um að gerðarþoli eða málsvari hans verði að vera viðstaddur til að fjárnámi verði lokið án árangurs hefur það í för með sér að sýslumaður þarf að fara á heimili eða vinnustað gerðarþola til að freista þess að hitta hann fyrir ef hann hefur ekki mætt til fjárnámsgerðar. Dugi það úrræði ekki til getur sýslumaður óskað aðstoðar lögreglu skv. 3. mgr. 24. gr. aðfararlaga. Þótt úrræði þessi séu góð og gild í ákveðnum tilfellum, þá duga þau ekki til að hægt sé að ljúka öllum fjárnámsbeiðnum sem berast embættinu, enda gera aðfararlögin fremur ráð fyrir beitingu þeirra í undantekningartilfellum. Einnig eru þessi úrræði afar tímafrek og kostnaðarsöm fyrir bæði sýslumannsembættin og lögreglu. Þá er ekki með öllu hættulaust að banka upp á í ókunnum húsum, eins og reynslan hefur sýnt, og allur gangur á því hvort gerðarþoli hittist fyrir eða ekki. Þá hefur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu engan veginn annað að sinna þeim málafjölda sem þarf, þótt samstarf hafi að öðru leyti verið með ágætum.

Það skal tekið fram að lagabreyting sú sem lögð er til í frumvarpi þessu myndi gjörbreyta starfsumhverfi sýslumanna til hins betra. Þá er það mat sýslumannsins í Reykjavík að engin hætta sé á því að gerðarþolar verði fyrir réttarspjöllum þótt 1. gr. frumvarpsins verði óbreytt að lögum, enda er réttarstaða þeirra tryggð með því að í 2. gr. frumvarpsins er jafnframt lagt til að gerðarþoli geti farið fram á endurupptöku gerðar sem lokið hefur verið án árangurs að honum fjarstöddum, geti hann bent á eignir til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda.

Að öðru leyti er ekki óskað eftir að gera athugasemdir við frumvarp þetta.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

Sigríður Eysteinsdóttir
Sigríður Eysteinsdóttir
deildarstjóri fullnustudeildar

